

Aðalfundur Hvanneyrarbúsins – haldinn á Hvanneyri 11. apríl 2024

Mætt voru:

Egill Gunnarsson bústjóri, Ragnheiður I Þórarinsdóttir stjórnarformaður, Pétur Diðriksson stjórnarmaður og Baldur Helgi Benjamínsson stjórnarmður.

Auk þeirra voru mætt: Björn Ingi Ólafsson fjósameistari, Þóroddur Sveinsson, Jóhannes Kristjánsson, Jón Hjalti Eiríksson, Kristín Theodóra Ragnarsdóttir, Ólafur Haukur Magnússon og Rósa Björk Jónsdóttir sem tók nokkrar myndir.

1. Skýrsla stjórnar vegna 2023

Egill las yfir skýrslu stjórnar vegna starfsemi búsins árið 2023. Nokkrar umræður voru.

2. Yfirferð og samþykkt reikninga

Egill fór yfir reikninga félagsins vegna 2023. Umræður voru um nokkra liði og voru reikningarnir staðfestir af stjórn ásamt skýrslu stjórnar.

3. Stjórnarkjör

Stjórn var samþykkt með óbreyttum hætti, hana skipa Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (formaður) Baldur Helgi Benjamínsson og Pétur Diðriksson.

4. Kjör endurskoðenda

Grant Thornton ehf voru kjörnir endurskoðendur félagsins.

5. Verkefnastaða / aðstaða / búnaður

Egill fór yfir helsta tækjabúnað sem myndi bæta aðstöðu búsins. Um er að ræða skotbómulyftara (rafmagn), uppfærslu á dráttarvél (jafnvel með að selja tvær eldri vélar og kaupa eina), sköfuróbót (með vatni), heilfóðurkerfi og uppfærslu á bifreiðum. Þá þyrfti að bæta loftræsingu í enda á hlöðu. Engar ákvarðanir teknar en málin verða rædd áfram á næsta stjórnarfundum.

6. Umræður um fjósbyggingu – aðstöðu til einstaklingsfóðrunar

Jóhannes Kristjánsson og Þóroddur Sveinsson fóru yfir tillögur um nýja fjósbyggingu með aðstöðu til einstaklingsfóðrunar. Slík aðstaða er nauðsynleg til að efla fóðrunartilraunir hérlendis. Nokkrar umræður voru um málið og ákveðið að vinna málið áfram.

7. Umræður um greiðslumarkseign Landbúnaðarháskólans

Farið var yfir greiðslumarkseign Landbúnaðarháskólans, sem er ekki að fullu nýtt, en myndi verða það í framtíðinni með áformum um stækkun búsins.

8. Önnur mál

Egill minnti á 20 ára afmæli búsins – en búið var vígt í ágúst 2004.

RIP